

## Starfsáætlun Fjölskyldu- og félagsþjónustu

### EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	2
2. Skipulag .....	2
3. Starfsmannamál .....	3
4. Fjárhagsaðstoð .....	4
5. Húsnæðismál.....	5
6. Málefni aldraðra.....	5
7. Dagvist barna.....	5
8. Málefni fatlaðra.....	6
9. Málefni hælisleitenda .....	6
10. Barnavernd.....	7
11. Fóstur og vistun .....	8

## Inngangur

Vinna við starfsáætlun Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjaneshæjar vegna ársins 2006 fór fram 9. og 10. september í Reykjavík.

Undirbúningur að starfsáætlunarvinnu var meiri nú en áður þar sem forstöðumenn höfðu unnið drög að markmiðum í einstökum málaflokkum með sínum starfshópum. Þannig vannst meiri tími til yfirmarkmiða og stefnumörkunar fyrir skipulagsheildina.

Skipurit FFR var skoðað sérstaklega og dreifing verkefna endurskoðuð. Starfsmannamál voru sérstaklega tekin fyrir og lagðar til leiðir sem stuðla að bættri starfsmanna líðan og aukinni skilvirkni í starfsemi FFR.

Við greiningu á þeim málum sem eru til vinnslu í barnaverndinni kemur í ljós að fjölmennustu hóparnir sem afskipti hafa verið höfð af á síðustu misserum, eru vanrækt börn og unglingar í vanda. Þá eru kynferðisafbrotamál einnig fyrirferðarmikil í vinnslu barnaverndarmála. Til að bregðast við þessu er talið nauðsynlegt að efla enn frekar, en nú er gert, foreldrahæfni almennt og leggja sérstaka áherslu á vinnu með foreldrum vanrækra barna. Vandir unglinga sem eru til meðferðar hjá FFR tengist oftast afbrotum, neyslu, þunglyndi, kvíða og félagsfælni. Mikilvægt er að bregðast við á viðeigandi hátt og eru í starfsáætluninni lagðar til leiðir. Þá eru hugmyndir að vinnslu mála settar fram í samræmi við barnaverndarlög, en jafnframt tekið mið af reynslu og árangri einstakra aðferða og úrræða.

Í stoðþjónustu var sami háttur hafður á við greiningu þjónustuhópa.

Starfsáætlunargerð er ómissandi þáttur í starfsemi FFR og um leið nauðsynlegt stjórnþæki í umhverfi þar sem gerð er krafa til skilvirkni og faglegra vinnubragða.

Leiðarljós starfsársins 2006 er:

**„Virk hlustun – betri þjónusta“**

## 2. Skipulag

### Skipurit

Skipurit FFR er óbreytt en það skiptist í barnavernd, stoðþjónustu, forvarnir og þróun. Forstöðumaður barnaverndar er jafnframt yfirfélagsráðgjafi FFR og staðgengill félagsmálastjóra. Forstöðumenn, barnaverndar og stoðþjónustu ásamt félagsmálastjóra bera sameiginlega ábyrgð á forvörnum og þróun. Forstöðumönnum barnaverndar og stoðþjónustu ber að vera sýnilegir í stjórnsýslu Reykjaneshæjar og fylgjast með því sem fram fer á vegum Reykjaneshæjar hverju sinni.

### Skipting verkefna

Í ljósi reynslu núverandi skipulags er talið nauðsynlegt að endurskipuleggja skiptingu verkefna milli stoðþjónustu og barnaverndar þannig að öll vinna sem heyrir undir barnaverndarnefnd verði á ábyrgð barnaverndar og mál sem heyra undir félagsmálaráð falli undir stoðþjónustu. Forsendur þess að þetta geti gengið eftir eru að samþykkt verði stöðugildi félagsráðgjafa til barnaverndarsviðs, samvinna við FRÆ um sálfræðiþjónustu verði óbreytt og svigrúm verði til aðkeyptrar sérfræðiþjónustu í tilvikum sem það kann að teljast nauðsynlegt.

Með hliðsjón af ofansögðu verði skipting verkefna milli stoðþjónustu og barnaverndar eftirfarandi:

### Stoðþjónusta

Fjárhagsaðstoð og ráðgjöf  
Húsnæðismál/húsaleigubætur  
Málefni fatlaðra  
Málefni aldraðra  
Félagsleg heimaþjónusta  
Dagvistun barna  
Málefni hælisleitenda  
Jafnréttismál  
Fjölmening

### Barnavernd

Barnaverndarmál  
Tilsjón  
Persónuleg ráðgjöf  
Stuðningsfjölskyldur  
Fósturmál  
Sumardvöl  
Sifjamál

## 3. Starfsmannamál

### Aðgengi starfsmanna að félagsmálastjóra

Allir starfsmenn FFR hafa aðgang að félagsmálastjóra vegna einstakra mála sem upp kunna að koma. Hverjum starfsmanni skal þó vera ljóst hver hans næsti yfirmaður er og að alla jafnan eru boðleiðir frá yfirmanni til undirmanns og öfugt.

### Aukið stöðugildi í barnavernd

Við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2005 var ákveðið að samræma sálfræðiþjónustu FFR og FRÆ og var sálfræðingi FFR í framhaldi af því sagt upp störfum.

Þessi aðgerð hefur skilað sér ágætlega hvað varðar sálfræðiþjónustu í einstökum barnaverndarmálum og að mörgu leyti gott að aðgreina sálfræðiþjónustuna með þessum hætti. Hinsvegar kemur greinilega í ljós að stærsti þáttur í starfi sálfræðings FFR var almenn félagsráðgjafavinna í einstökum málum og álag á aðra barnaverndarstarfsmenn hefur því aukist til muna.

Í ljósi þessa verður lögð áhersla á að ráða félagsráðgjafa í 100% starf í barnavernd. Áætlað er að viðkomandi komi fyrst og fremst að málefnum unglinga og kynferðisbrotamálum, en þessi atriði vega sem stendur mjög þungt í barnaverndarstarfinu.

### Löglærður starfsmaður hjá Reykjanesbæ

Því verði beint til bæjaryfirvalda að skoða möguleikann á því að ráða löglærðan starfsmann til bæjarins. Slíkt myndi nýtast FFR vel, en stærstur hluti verkefna FFR eru bundin í lög og nauðsynlegt að hafa aðgang að sérfræðingi á því sviði.

### Heilsuefling

#### Sjúkráþjálfun/heilsunudd

Í ljósi eðlis starfa hjá félagsþjónustunni og mikils álags á starfsmenn verði starfsmönnum gefin kostur á að sækja sjúkráþjálfun/heilsunudd á vinnutíma. Er það liður í að sporna við langvarandi veikindum starfsfólks, sem hafa verið áberandi síðustu mánuði.

**Líkamsrækt**

Bæjaryfirvöld verði hvött til að greiða niður líkamsrækt fyrir starfsmenn Reykjanesbæjar, líkt og tíðkast hjá flestum framsæknum fyrirtækjum í dag.

**Fyrirlestrar**

FFR bjóði öllum starfsmönnum uppá fyrirlestur um næringarfræði á árinu.

**Félagsandinn**

Áhersla verði lögð á samverustundir allrar skipulagsheildar FFR utan vinnutíma. Kosinn verði þriggja manna hópur til að útfæra þessa hugmynd frekar.

**Starfsmannafundir**

Starfsmannafundir skulu haldnir annan hvern mánuð fyrir skipulagsheildina. Þeir skulu skipulagðir af félagsmálastjóra í samráði við forstöðumenn. Á fyrstu fundum skal fara fram kynning á einstökum málaflokkum innan FFR.

**Fræðsla fyrir starfsmenn barnaverndarnefndar**

Fenginn verði sálfræðingur til að fræða starfsmenn barnaverndar um þunglyndi unglunga og hvernig best sé að taka á þeim vanda.

**4. Fjárhagsaðstoð****4.1. Endurskoðun á reglum**

Einstök atriði í reglum um fjárhagsaðstoð verði endurskoðuð m.t.t. þeirrar reynslu sem komin er frá því heildarendurskoðun átti sér stað síðast.

**4.2. Átaksverkefni****4.2.1. Hópastarf**

Komið verði á laggirnar hópastarfi fyrir unga karlmenn sem ekk eiga rétt á öðrum úrræðum en fjárhagsaðstoð til lífibrauðs. Leitað verði samstarfs við fyrirtæki á svæðinu um starfsþjálfun undir handleiðslu frá FFR.

**4.2.2. Sjálfstyrking**

Með sama hætti verði komið á fót úrræði fyrir ungar einstæðar mæður, þar sem áhersla verði lögð á sjálfstyrkingu. Samstarf verði haft við barnavernd þar sem það á við.

**4.2.3. Fjármálanámskeið**

Einstaklingum í fjárhagsvanda verði tryggður aðgangur að fjármálanámskeiði og skal koma á fót slíkum námskeiðum eftir þörfum. Einnig skal einstaklingum í fjárhagsvanda í ríkara mæli bent á Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, sem hefur viðdöl í Reykjanesbæ einu sinni í mánuði.

**4.2.4. Sálfræðiþjónusta**

Í ljósi þess að á síðustu árum hefur einstaklingum sem leita eftir fjárhagsaðstoð til að sækja sér sálfræðiþjónustu fjölgað verulega, er talið æskilegt að bjóða uppá slíka þjónustu hjá FFR einu sinni í viku fjóra tíma í senn. Bókanir yrðu hjá FFR. Leitað verði samstarfs við sálfræðinga varðandi þessa hugmynd.



#### 4.2. 5. Þjónusta við fanga

Samstarf við Fangelsismálastofnun verði eftt varðandi fanga, bæði á meðan á afplánun stendur og þegar henni er að ljúka.

### 5. Húsnæðismál

#### 5.1. Samstarf við Fasteignir Reykjanesbæjar ehf.

Efla samstarf við Fasteignir Reykjanesbæjar ehf. Fundir verði haldnir þrisvar sinnum á ári þar sem farið er yfir skuldastöðu, sölu íbúða og fleira.

#### 5.2. Stefnumótun

Félagsmálaráð hefur samþykkt að vinna stefnu varðandi félagslegt húsnæði í Reykjanesbæ.

### 6. Málefni aldraðra



#### 6.1. Þjónustusel aldraðra/úrræði fyrir Alheimersjúka

Vinnsla skv. áætlun samanber verkefnaáætlun bæjarstjórnar Reykjanesbæjar 2002 – 2006.

#### 6.2. Kynning til aldraðra á þjónustu

Haldin verði sameiginleg kynning á þjónustu Reykjanesbæjar við aldraða. Leitað verði samstarfs við

forstöðumann tómstundastarfs aldraðra um framkvæmdina.

#### 6.3. Kynning fyrir starfsfólk

Haldinn verði sameiginlegur kynningarfundur fyrir starfsfólk sem kemur að þjónustu við aldraða í Reykjanesbæ s.s. starfsfólk heimaþjónustu, dagdvalar, félagsstarfs og heimahjúkrunar.

#### 6.4. Fræðsla um heilabilun

Skipulögð verði fræðsla um heilabilun fyrir starfsfólk heimaþjónustu, dagdvalar og skrifstofu FFR.

#### 6.5. Þjónustukönnun

Gerð verði þjónustukönnun meðal viðskiptavina Dagdvalar aldraðra.

#### 6.6. Mötuneyti fyrir aldraða

Athugaður verði sá möguleiki að koma upp aðstöðu til mötuneytis í hádegi t.d. í Hvammi og/eða Selinu fyrir þá sem kjósa félagslega samveru í hádegi. Leitað verði samstarfs við FEB, MÍT og Matarlyst varðandi hugmyndina.

### 7. Dagvist barna

#### 7.1. Daggæsla barna í heimahúsum

Ný reglugerð um dagvist barna í heimahúsum er í burðarliðnum og er áætlað að hún taki gildi 1. nóvember n.k. Áhersla er lögð á að kynna sér breytingar sem þar

kunna að koma fram og útfæra þjónustu FFR varðandi daggæslu barna í heimahúsum að henni.

## 7.2. Frekari niðurgreiðsla

Gerðar verði verklagsreglur um frekari niðurgreiðslu Reykjanesbæjar vegna dagvistar barna í heimahúsum. Þar verði m.a. kveðið á um hversu oft skuli skila tekjuyfirliti, upplýsingum um fjölskylduhagi ofl.

## 7.3. Gæsluvellir

Til að tryggja öryggi barna sem sækja gæsluvelli bæjarins, skal starfsmannafjöldi vera í samræmi við notkun.

# 8. Málefni fatlaðra

## 8.1. Björg – athvarf geðfatlaðra

- **Kynningarbæklingur**

Unnið verði að gerð kynningarbæklinga fyrir athvarfið. Bæklingnum verði dreift á heilbrigðisstofnanir og aðra opinbera staði.

- **Heimasíða**

Unnið verði að gerð heimasíðu fyrir athvarfið sem tengd verði upplýsingavef Reykjanesbæjar.

- **Fræðsla**

Boðið verði upp á fræðslu í athvarfinu fyrir geðfatlaða, aðstandendur og fagfólk.

- **Liðveisla og stuðningur**

Liðveisla verði tengd við athvarfið eftir þörfum einstakra viðskiptavina.

- **Tengslanet**

Komið verði á virku tengslaneti milli félagasamtaka geðfatlaðra s.s. Geðhjálp, Þroskahjálp o.fl. Einnig þeirra opinberu stofnana sem veita geðfötluðum þjónustu.

- **Sjálfhjálparhópar**

Sjálfhjálparhópum verði tryggð aðstaða, vinnuskilyrði og bakland í Björgu.

- **Samfélagslegur stuðningur**

Áhersla verði lögð á að leita enn frekar eftir samfélagslegum stuðningi við rekstur athvarfsins.

- **Ferðir**

Tryggt verði að þeir sem þurfa á akstri að halda í athvarfið fái aðstoð hjá strætó eða ferðaþjónustu fatlaðra.

## 08.2 Liðveisla

### Samningar

Leitað verði samstarfs við stéttarfélög um samninga fyrir liðveitendur.

## Málefni fatlaðra til sveitarfélaganna

Félagsmálastjóri fylgist með framvindu sbr. verkefnaáætlun bæjarstjórnar Reykjanesbæjar 2002 – 2006.

# 9. Málefni hælisleitenda

## Afþreying

Leitað verði leiða til að efla afþreyingu fyrir hælisleitendur. Haft verði samband við Rauða Kross Íslands, Alþjóðahús, Bláa herinn og fleiri.

## 10. Barnavernd

### 10.1. Stuðningsúrræði

- Einkapjálfari eða íþróttakennari verði fenginn til að sjá um 3 til 4 unglinga í einu með það að markmiði að efla líkamlegt heilbrigði.
- Leitað verði samstarfs við 88 Húsið um úrræði fyrir 16 - 18 ára drengi sem eiga við þunglyndi, kvíða og/eða félagsfælni að stríða.
- Haldið verði sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur sem eru viðskiptavinir FFR. Leitað verði til sérfræðinga um framkvæmd námskeiðsins.
- Komið verði á fót hópastarfi fyrir börn á aldrinum 6-10 ára sem búa við vanrækslu. Hópurinn hittist einu sinni í viku 2-3 tíma í senn. Markmið er að brjóta upp daglegt mynstur og efla sjálfstyrkingu.

### 10.2. Samstarf við skóla

Rætt verði við skólastjórnendur grunnskólanna í Reykjanesbæ og skólameistara FS um eflingu samstarfs. Áætlað er að barnaverndarstarfsmenn fari einu sinni á önn í skólana þar sem farið verði yfir þau mál sem í vinnslu eru á hverjum tíma og tengjast einstökum skólum. Þar sem því verður við komið verði foreldrum/forráðamönnum boðið að sitji fundina á meðan mál barna þeirra eru til umræðu.



### 10.3. Neyðarráðstafanir

Með vísan til barnaverndarlaga verði komið á fót neyðarheimili sem tekur við börnum í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra. Leitað verði að heimili í Reykjanesbæ eða nágrenni.

### 10.4. Upplýsingarit um barnavernd

Unnið verði að gerð og útgáfu upplýsingarits um barnavernd og barnaverndarstarf sem borin verður í öll hús í Reykjanesbæ og á opinberar stofnanir. Upplýsingaritið verði jafnframt aðgengilegt á upplýsingavef Reykjanesbæjar.

### 10.5. Verklagsreglur fyrir starfsmenn Reykjanesbæjar

Fyrir liggur að gera vinnureglur um meint ofbeldi/misnotkun á börnum sem kann að koma upp á stofnunum Reykjanesbæjar.

### 10.6. Vinnsla mála

Starfsmenn geri undantekningalaust grein fyrir niðurstöðum könnunar máls á meðferðarfundum. Á síðasta meðferðarfundum hvers mánaðar verði farið yfir öll mál sem í vinnslu eru hverju sinni.

Gerð verði grein fyrir því, í bókunum á meðferðarfundum, hvort talsmaður hafi verið skipaður í einstökum málum.

### 10.7. Heimsókn til barnaverndar Reykjavíkur

Farið verði í heimsókn til barnaverndar Reykjavíkur með það að markmiði að fræðast um vinnubrögð, skipulag barnaverndarmála og samstarf við aðrar stofnanir.

### **10.8. Nýja barnið**

Samstarf við HSS um verkefnið. Forstöðumaður barnaverndar fylgi málinu eftir sbr. verkefnaáætlun bæjarstjórnar Reykjanesbæjar 2002 – 2006.

## **11. Fóstur og vistun**

### **11.1. Tímabundið fóstur**

Í ljósi reynslunnar, skal lögð áhersla á tímabundið fóstur/vistun fremur en langtímafóstur þar sem því verður við komið. Áhersla verði lögð á góð tengsl barna og kynforeldra á meðan á fóstri/vistun stendur.

### **11.2. Upplýsingaskylda til fóstur- og vistbarna**

Unnið verði verklag til að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar skv. barnaverndarlögum verði aðgengilegar fóstur- og vistbörnum.